

Ed.

113. Breytingartillögur

[2. mál]

við frv. til l. um Fósturskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabeckjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.

2. Aftan við 5. gr. bætist:

Jafnframt skal skólinn, svo fljótt sem því verður við komið, annast menntun fólks, er sé til aðstoðar fóstrum. Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.

3. Við 6. gr. Fyrri másl. orðist svo:

Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstura.

4. Við 7. gr. Í stað „3 ára“ í upphafi 2. mgr. komi: 4 ára.

5. Við 8. gr. Í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í 2. málslið komi: sbr. 7. gr.

6. Við 10. gr.

a) 1. og 2. tölul. verði 1. tölul. (röð tölul. breytist skv. því) og orðist svo:

Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.

b) Niður falli orðin „og 2.“ í 3. tölulið (sem verður 2. tölul.).